



Dagsetning: 22. september 2022
Málsnúmer: 2208118/13.3

Til umhverfis- og skipulagsnefndar

MINNISBLAÐ

Þann 18. ágúst.2022 kom Páll frá Eskifirði til skipulags og umhverfisfulltrúa og sagði honum að hann hafi fundið 15 dauðar súlur á Eskifirði og Reyðarfirði. Undirritaður og Páll áttu gott spjall og veltu fyrir sér hvort um væri að ræða fuglaflenslu. Fuglunum var fargað og það undirritaður Pál um að halda sér upplýstum.

Þann 22.ágúst.2022 fundaði undirritaður með Þorsteini Bergssyni frá MAST varðandi fugladauða. Við fórum sunnan megin í Reyðarfjörð og týndum upp 5 dauðar súlur sem Þorsteinn tók með sér til sýnatöku. Fjarðabyggð sendi út tilkynningu á vef sinn 19. ágúst. 2022 sem er eftirfarandi:

„*FUGLAFLENSA*

Mikið hefur fundist af dauðum fugli við strendur Fjarðabyggðar. Ef viltur fugl finnst dauður er mikilvægt að tilkynna það strax til MAST, nema ef augljóst er að hann hafi drepist af slysförum.

Hræ skal látið liggja nema ef það er þannig staðsett að nauðsynlegt sé að fjarlægja það. Ef það er gert skal hræið sett í plastpoka, án þess að það sé snert með berum höndum, lokað fyrir pokann og hann síðan settur í almennt rusl. Ef viðkomandi sveitarfélag býður uppá förgunarleið fyrir lífrænan úrgang má setja hræið í niðurbrjótanlegum poka í söfnunarílát fyrir slíkan úrgang.

Frekari upplýsingar er að fá inná heimasíðu MAST.“

Hægt er að sjá niðurstöður sýna á kortasjá MAST (<https://landupplysingar.mast.is/>). Enn hefur ekki komið niðurstaða úr sýnatöku frá fuglunum sem undirritaður og starfsmaður MAST tíndu upp.

Aron Leví Beck

Skipulags- og umhverfisfulltrúi